



Hverfisgata 50 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa

Lögð fram fyrirspurn H50 ehf., dags. 31. ágúst 2023, um breytingu á deiliskipulagi Reits 1.172.0, Brynjureits, vegna lóðarinnar nr. 50 við Hverfisgötu sem felst í að heimilt verði að hækka húsið um eina inndregna hæð um einn m. að undanskildu stigahúsi, samkvæmt fyrirspurnartillögu Hildar Bjarnadóttur, dags. 30. ágúst 2023.

9. nóvember var óskað eftir að fyrirspyrjandi hafi samband við embættið. Skipulagsfulltrúi óskaði eftir frekari gögnum, skuggavarpi svo hægt væri að taka afstöðu til málsins. Málið var lagt fram að nýju þann 14. nóvember og vísað til umsagnar.



Samþykkt deiliskipulag



Ljósmynd af götumynd Hverfisgötu

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin á miðborgarsvæði.

Deiliskipulag/ Hverfisskipulag: Í gildi er deiliskipulag Laugavegur; Klapparstígur; Hverfisgata; Vatnsstígur, samþykkt í borgarráði 25.03.2003 með síðari breytingum.

Umsögn

Húsið á lóð nr. 50 við Hverfisgötu er 4 hæðir, skráð sem verslunar- og íbúðarhúsnæði samkvæmt fasteignamati ríkisins. Þegar deiliskipulagið var unnið var sérstakt tillit tekið til umfangs, stöllunar, hæða og byggðarmynstrið skoðað. Með núgildandi deiliskipulagi var því markmiðið að styrkja heildaryfirbragð byggðarinnar og ásýnd Hverfisgötu.

Sitthvoru megin við Hverfisgötu 50 eru bæði lægri og hærri hús. Hornhúsið að Hverfisgötu 50 er lægst og eftir það trappast húsin og fara hækkandi á þessum götukafla. Hækkunin sem óskað er eftir kemur til með að hafa áhrif á götumynd Hverfisgötu. Tillagan samræmist ekki byggðarmynstri götunnar, lóðin er fullbyggð.

Niðurstaða

Neikvætt að breyta deiliskipulagi samanber umsögn hér að ofan.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Valný Aðalsteinsdóttir, arkitekt og verkefnastjóri